

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Sveitarfélaginu Vogum.

Miðsvæði.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga samþykkti þann 30. október 2019 breytingu á deiliskipulagi fyrir „Miðsvæði“.

Í breytingunni felst að í stað 3 parhúsa á lóðunum við Breiðuholt 12-14, 16-18 og 20-22 er gert ráð fyrir 3 raðhúsum á svæðinu. Hvert raðhús verður með 3 litlum íbúðum. Við þessa breytingu fjölga íbúðunum úr 6 parhúsaíbúðum (3 parhús) í 9 raðhúsaíbúðir (3 raðhús). Lóðunum fækkar í 3 þar sem gert er ráð fyrir einni lóð fyrir hvert þriggja íbúða raðhús. Lóðarmörkum og snúningsfleti í austurenda Breiðuholts er breytt lítillega til að skapa betra aðgengi að bílastæðum á lóð.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Vogum, 31. október 2019.

Ásgeir Eiríksson bæjarstjóri.